

GJALDSKRÁ

fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra 2011.

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

- A. Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.
- B. Almennigur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:
 - i. Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða.
 - ii. Úrgang frá bifreiðaviðgerðum o.fl.
 - iii. Úrgang vegna húsdýrahalds.

Móttökugjöld fyrir einstaka farma:

Flokkur 1. Flokkað. Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar.

A. Timbur

B. Járn/málmar

Allt að:	0, 25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Kr.	503	998	1.500	1.997

Flokkur 2. Óflokkað. Blandaður og grófur úrgangur.

A. Blandaður pressanlegur úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil.

B. Grófur úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega.

Allt að:	0, 25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Kr.	835	1.664	2.499	3.328

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta:

A. Pappír, dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír.

Eftirtaldar úrgangstegundir bera úrvinnslu- eða skilagjald og því þarf ekki að greiða gjald fyrir móttöku þeirra:

- A. Umbúðir úr sléttum pappa; fernur, morgunkornspakkar, ýmsar umbúðir.
- B. Plastumbúðir; sjampóbrúsar, mýkingarefnisbrúsar, tómatssósbrúsar o.fl.
- C. Bylgjupappi; pappakassar ýmiss konar.
- D. Hjólbarðar.

Spilliefni.

Móttaka spilliefna fer fram í Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð. Frá heimilum er tekið við spilliefnum t.d. hreinsiefnum, málningu, þynni, leysiefnum, rafhlöðum, stíflueyði, úðabrusum og viðhaldshlutum véla og bifreiða, t.d. frostlegi, olíuefnum og rafgeymum. Frá fyrirtækjum er tekið við spilliefnum t.d. olíum, sýrum, prentlitum, klórmenguðu efni, tjöruleysi o.fl. Ekki er innheimt gjald vegna móttöku spilliefna.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2010, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 177/2010.

Hvammstanga, 18. janúar 2011.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011